

# Hvað er á seyði um helgina

# Hvað er á seyði um helgina



David Attenborough og Helgi Vilberg, hluti af listamönnumnum sýndu framman þá eru tvær myndir eftir Einar DV-mynd: Bj. Bj.

## Bók vikunnar: — Lífið á jörðinni Bók sem sameinar fróðleik og skemmtun

Fáir sjónvarpsþættir hafa vakið jafnmikla athygli og þeir náttúru-sögulegu þættir sem David Attenborough gerði og nefndust Lífið á jörðinni. Þar var leitað fanga í jarð-lögum, gróðurfari og dýralífi um gervalla jörð og óhemjumikill fróð-leikur settur fram með skýrum og skemmtilegum hætti svo unun var á að horfa.

Nú hefur Mál og menning gefið út bók undir sama nafni og er þar um að ræða samantekt á efni því sem sjónvarpið sýndi okkur. Hér kynnumst við sögu plánetunnar okkar í 3.500 milljón ár, með hlidsjón af þeim dýrum og plöntum sem enn lifa. Í bókinni er mikill fróðleikur settur

fram á einfaldan hátt svo að öllum ætti að vera ljóst hvað verið er að fjalla um.

Skemmtilegar sögur úr heimi dýranna eru auðvitað látnar fylgja með og skýr og fjörlegur still Attenboroughs fær að njóta sín.

Í bókinni eru yfir fimm hundruð lit-myndir, sem eru mjög skemmtilegar margar hverjar og margar þeirra hreinustu listaverk.

Þetta er mjög vönduð bók og fyrir alla unndur þessara frábæru sjón-varpsþátta er þarna kærkomið tækifæri til að endurnýja kynni sín af skemmtilegum og fróðlegum texta David Attenboroughs, sem öllum er auðskiljanlegur.

-HK.



David Attenborough.



Nicholas Ray leikstjóri Hinna losta-fullu.

## Hinir lostafullu í Fjalakettinum

Um helgina verður í Fjalakettinum kvikmyndin Hinir lostafullu (The Lusty Men) eftir Nicholas Ray. Hún fjallar um ródeókappa og allt það sem þessari hættulegu íþrótt fylgir. Robert Mitchum leikur aðalhlutverkið.

Nicholas Ray lést ekki alls fyrir löngu og er það mörgum í fersku minni vegna kvikmyndarinnar sem Wim Wenders gerði um dauðastríð hans, Nick's Movie. Ray, sem fæddist í Wisconsin, var bæði þekktur sem kvikmyndaleikstjóri og rithöfundur. Hann gerði meðal annars kvikmyndina Rebel without a Cause með James Dean í aðalhlutverki. -gb.

## Þingingar sýna öðum

munandi aðferðir og viðfangsefni, bæði málverk, vatnslitamyndir, teikningar, skulptúra og þrívíð nýlistaverk.

Listamennirnir hafa allir starfað á Akureyri. Sumir eru innfæddir, aðrir aðfluttir og eru þeir á misjöfnum aldri. Sá elsti fæddur 1932 og sá yngsti 1951. Það verður eflaust forvitnilegt fyrir Reykvikinga að sjá þessa sam-sýningu Norðlendinga. -gb.

### Rauða húsið Akureyri

Málverkasýning Þorláks Kristinnssonar og Guðmundar Oddssonar stendur yfir í Rauða húsinu á Akureyri.

Þeir félagar sýna þar 10 málverk. Þorlákur tók þátt í samsýningu sjömenninganna í Norræna húsinu í sumar en Guðmundur Oddur hefur tekið þátt í fjölda samsýninga norðan heiða og sunnan. Báðir hafa þeir stundað nám í nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

### Tónlist

#### JASS Stúdentakjallaranum

Sunnudagskvöldið 17. okt. kl. 21.00. Þeir sem spila eru: Tómas Einarsson, bassi, Sigurður Flosason, saxófónn, Friðrik Karlsson, gítar, Gunnlaugur Briem, trommur.


#### Tónleikar í félagsmiðstöð- inngi Árseli í Árbæ í kvöld

Í kvöld föstudag verða tónleikar í Árseli og kemur þar fram E.K. Bjarnason band. Það skipa: Emil Karl Bjarnason, bassi, Guðmundur Pálsson, gítar + söngur, Pétur Eggertsson, gítar + söngur, Ingólfur Sigurðsson, söngur, Erling Kristmundsson, trommur, áður í Basil fursta og Náttúröfnum. Á tónleikum koma einnig fram 04U.

#### Tónleikar Musica Antiqua

Fyrstu tónleikar Musica Antiqua á þessu starfsári verða haldnir á sal Menntaskólans í Reykjavík laugardaginn 16. okt. nk. kl. 16.00. Leikin verður 19. aldar tónlist fyrir þverflautu og gítarverk eftir Fürstenau, Sor, Giuliani, Stamitz, Kirnberger o.fl. Hljóðfærin sem leikið er á, eru traversflauta (tréþverflauta) og eftirlitning af gítar byggðum á 19. öld. Flytj-

endur eru kanadísk flautuleikarinn, Alison Melville, sem dvelst hér um þessar mundir til að taka þátt í tónleikum Musica Antiqua og Snorri Snorrason gítarleikari. Að tónleikum loknum er hlustendum velkomið að rabba við flytjendur og skoða hljóðfærin.



Tónleikar í Borgarblói á Akureyri Páll Jóhannesson tenórsöngvari heldur tón-

leika laugard. 16. okt. kl. 17 í Borgarblói á Akureyri. Sunnudaginn 17. okt. kl. 17 heldur hann tónleika í félagsheimillinu Miðgarði í Varmahlíð. Undirleikari verður Jónas Ingimundarson.

### Kirkjustarf

#### Frá Neskirkju

Næstkomandi sex sunnudaga verður efnt til fræðsluerinda og umræðna í safnaðarheimilli Neskirkju. Rætt verður um trúarleg og siðræn efni út frá biblíulegum textum og leitast við að tengja þá umfjöllun við umræðu og áhuga-efni samtímans. Þeir dr. Björn Björnsson prófessor og dr. Einar Sigurbjörnsson prófessor munu verða í forsvari þessara stunda til skiptis og flytja stutt inngangserindi til skýringar og til örvunar almennri umræðu. Efnisskrá verður sem hér segir: Sunnud. 17. okt.: „Nema þér trúðið standist þér ekki“ (Jes. 7:9). Dr. Einar Sigurbjörnsson. Sunnud. 24. okt.: Grundvöllur kristins sið-gæðis (Mk. 12:30). Dr. Björn Björnsson. Sunnud. 31. okt.: „Vér saum dýrð hans“ (Jöh. 1:15). Dr. Einar Sigurbjörnsson. Sunnud. 7. nóv.: Hann gjörir alla hluti í þjá. (2 Kor. 5:17). Dr. Björn Björnsson. Sunnud. 14. nóv.: „Hjarta yðar skelfist ekki“ (Jöh. 14:1). Dr. Einar Sigurbjörnsson. Sunnud. 21. nóv.: Er kirkjan þjóðfélagslega ábyrg? (Mk. 12:31). Dr. Björn Björnsson.

Þessir samfundir, sem öllum eru opinir, hefjast eins og fyrr segir nk. sunnudag kl. 15.30 í safnaðarheimilli Neskirkju.

### Tilkynningar

#### Sólarkvöld af stað

Hin vinsælu sólarkvöld Samvinnuferða-Landsynar hefjast að nýju í Súlnasalnum. Vegna mikillar aðsóknar síðastliðinn vetur verða nú þrjú kvöld í röð, föstudags-, laugardags, og sunnudagskvöld.

Að þessu sinni er Holland og þá sérstaklega Amsterdam kynnt. Leitast verður við að skapa hina réttu hollensku stemmningu, hollenskur matur og drykkur á borðum og hollenskir listamenn skemmta. Hollendingar eru frægir fyrir blómærækt og fá allar konur blóm sem Aad Groeneweg eigandi verslunarinnar Breiðholtsblóm hefur útbúið af þessu tilefni.

Á þessum sólarkvöldum verður að sjálf-sögu spilað bingó, tiskusýningar verða öll kvöldin og hinn frábæri jafnvægisnillingur

Walter Wasil skemmtir. Hljómsveitin Gautar frá Siglufirði leikur fyrir dansi öll kvöldin. Næstu sólarkvöld verða síðan 19.-21. nóvember.

### Fundir

#### Vetrarstarf Kvenstúdentafélags Íslands

hefst með hádegisverðarfundum um skólalám í veitingahúsinu Arnarhóli laugardaginn 16. október. Gestur fundarins verður Guðni Guðmundsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík, og ætlar hann að fjalla um áhrif breytinga á grunnskóla og framhaldsskóla.

### Kvikmyndir

#### Rauða torgið í MÍR-salnum

„Rauða torgið“ nefnist sovésk kvikmynd, gerð 1970, sem sýnd verður í MÍR-salnum, Lindargötu 48, sunnudaginn 17. okt. kl. 16. Leikstjóri er Vassili Ordinski.

Myndin er í tveimur hlutum og sækir sögu-þráðinn í atburði borgarastríðsins eftir byltinguna 1917. Hefst fyrri hlutinn á því að ein herdeildin í gamla keisararhernum gengur sem heild til liðs við Rauða herinn eftir orrustu við Þjóðverja og lýkur þann dag sem hermennirnir sverja ráðstjórninni hollustu á Rauða torginu í Moskvu. Í kvikmyndinni er brugðið upp svipmyndum af mönnum, sem voru mjög ólíkir að eðlisfari en áttu það sameiginlegt að vera þátttakendur í stofnun og mótun hins nýja ríkis. Í fyrri hlutanum segir frá Amelin kommissar 1918 og í þeim síðari frá Koltjakov deildarforingja 1919.

Enskir skýringartextar eru með myndinni. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

#### Samtök áhugamanna um kvikmyndagerð (S.Á.K.)

Fyrsta námskeið vetrarins verður frábrugðið fyrri námskeiðum sem S.Á.K. hefur staðið að. Er hér um að ræða videónámskeið sem verður laugardaginn 16. október og hefst í Alftamýraskóla kl. 13.00 og verður staldrað þar við um stund og farið í undirstöðu myndbanda-gerðar. Að því loknu verður farið niður á Laugásveg 19 þar sem Ismynd er til húsa og fylgst með vinnubrögðum atvinnumanna. 13. nóvember verður námskeið í kvikmyndagerð.

### Skemmtanir

**BROADWAY:** Á föstudags- og laugardagskvöld mun hljómsveitin Galdrakarlar leika fyrir dansi. Á sunnudagskvöldið mun diskótekið dýnja.

**KLÚBBURINN:** Á föstudagskvöldið mun hljómsveitin Atlantic leika ásamt tveim diskótekum. Síðan á laugardagskvöldið mun Mobydick leika fyrir dansi.

**HOLLYWOOD:** Þar verður diskótekið á fullu alla helgina undir öruggri handleiðslu hinna sívinsælu diskótekara.

**GLÆSIBÆR:** Grétar Laufdal verður í diskótekinu um helgina frá klukkan 10-03, það er diskósalar '74, tónlistin úr safni ferðadiskóteksins. Grétar býður alla velkoma og óskar gestum góðrar skemmtunar. Hljómsveitin Glæsir leikur fyrir dansi í öðrum sal hússins öll kvöld helgarinnar.

**ÞORSKAFFI:** Þar mun dansinn duna um helgina. Að neðri hæð er diskótekið en á efri hæðinni skemmtir Dansbandið gestum staðarins. Húsið opnað kl. 10.

**SIGTUN:** Diskótekið verður bæði föstudags- og laugardagskvöld.

**HÓTEL SAGA:** Á föstudags- og laugardagskvöld mun Sumargleðin skemmta í Súlnasalnum og mun dansinn duna frá kl. 22-03. Auk þess er grillið opið alla daga.

**ÓDAL:** Á föstudagskvöld verður Ásmundur í diskótekinu, Fanney á laugardag og Dóri á sunnudag og að venju allir í banastöðu.

**SNEKKJAN:** Á föstudagskvöld verður Hall-dór Arni í diskótekinu en á laugardagskvöld mun hljómsveitin Metal skemmta gestum staðarins.

**VILLTI TRYLLTI VILLI:** Á föstudags- og laugardagskvöldið mun diskótekið duna á fullu undir öruggri handleiðslu Jóns Axels, Gunna og Ívars og er allt liðið í bænum 16 ára og eldra velkomið. Munið passann því að Finn-bogi svartir verður í dyrunum. Stuðið stendur yfir frá kl. 21-03. Svá á sunnudaginn dýnur fjölskyldudiskótekið frá kl. 14-17 og fyrir 13 ára og eldri frá 20-23.30.

**HREYFILSHÚSIÐ:** Opið laugardagskvöld, gömlu dansarnir.

**HÓTEL BORG:** Diskótekið Disa sér um diskósýninga bæði föstudags- og laugardagskvöld. Sunnudagskvöld verður hljómsveit Jóns Sigurðssonar með tónlist af vönduðu tagi sem hæfir gömlu dönsunum.

